

Vísur og þulur

A Á B D Ð E É
F G H I Í J K.
L M N O Ó og P
eiga þar að standa hjá.

R S T U Ú V næst
X Y Ý svo Þ Æ Ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skrítin tvö.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur;
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Heitir Valur hundur minn,
hann er falur valla.
Einatt smalar auminginn
upp um sali fjalla.

Heitir Kolur hundur minn,
hefur bol úr skinni.
Einatt volar auminginn
inni í holu sinni.

Gamli Nói,
gamli Nói,
guðhræddur og vís,
mikils háttar maður,
mörgum velviljaður.
Þótt hann drykki,
þótt hann drykki,
þá samt bar hann prís.

Við skulum róa á selabát
fyrst við erum fjórir.
Það eru bæði þú og ég,
stýrimaður og stjóri.

Dó, dó og dumma.
Dagur fyrir sunnan.
Sástu hvergi hvítan blett
á bakinu á honum krumma?

Þumalfingur er mamma,
sem var mér vænst og best,
vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest,
langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull,
baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.
Litli fingur er barnið,
sem leikur að skel,
litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.
Hér er allt fólkið
svo fallett og nett,
fimm eru í bænum,
ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman
í þessum heim
ef öllum kæmi saman
jafn vel og þeim.

Gekk ég upp á hólinn,
horfði ég ofan í dalinn.
Sá ég hvar hún langhala
lék sér við sauðinn.
Kýr keifaði, kálfur baulaði,
hestur hneggjaði,
hundur geyjaði,
haninn gól
fyrir miðja morgunsól.

Bokki sat í brunni,
hafði blað í munni,
hristi sína hringa,
bað fugla að syngja.
Grágæsamóðir,
ljáðu mér vængi,
svo ég geti flogið
upp til himintungla.

Tunglið, tunglið, taktu mig
og berðu mig upp til skýja,
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja.

Sól skín á fossa
segir hún Krossa.
Hvar á að tjalda?
segir hún Skjalda.
Suður við ána,
segir hún Grána.
Ég skal snjónum spyrna,
segir hún Hyrna.
Ég skal mjólka minna,
segir hún Dimma.
Ég skal standa innar,
segir hún Kinna.
Ég skal mjólka svo að freyði,
segir hún Reyður.
Mér þykir góður ruddi,
segir hann tuddi.
Ég skal éta sem ég þoli,
segir hann boli.
Ég skal éta sjálfur,
segir hann kálfur.
Ég þoli illa hungur,
segir vetrungur.

Þambara vambara þeysingssprettir,
því eru hér svo margir kettir?
Agara gagara yndisgrænum,
illt er að hafa þá marga á bænum.

Karl tók til orða,
mál væri' að borða,
Þá kom inn diskur,
var á blautur fiskur,
hákarl og rætur
og fjórir sviðafætur.
Upp tók hann einn,
ekki var hann seinn,
gerði sér úr mann,
Grettir heitir hann ...

Kom ég þar að kveldi,
sem kerling sat að eldi,
hýsti hún fyrir mig hestinn minn
og hét að ljá mér bátinn sinn,
því langt er milli landanna, liggur
milli strandanna.
Ægir karl með yggldar brár
og úfið skegg í vöngum
og dætur hans með hrímhvít hár
hoppa fram með töngum.
Kitla ég þær með einni ár,
þær ybba sig og gretta,
fetta og bretta
og froðunni á mig skvetta.

Einn og tveir,
inn komu þeir,
þrír og fjórir,
furðustórir,
fimm, sex, sjö og átta,
svo fóru þeir að hátta.
Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plöggin sín ofan á gólf.
Svo fóru þeir að sofa,
sína drauma að lofa.
En um miðjan morgun
mamma vakti þá,
þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,
fætur stukku þeir á.
Svo fóru þeir að smala
suður við á,
sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá.
Níttján voru tvílembdar
torfunum á,
tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Teldu nú áfram
og teldu nú vel.

Þumal fingur datt í sjóinn.
Vísifingur dró hann upp.
Langatöng bar hann heim.
Baugfingur horfði á.
Litli putti, anginn sá, sagði frá.

Skrifaðu bæði skýrt og rétt,
svo skötnum þyki snilli,
orðin standa eiga þétt,
en þó bil á milli.

Láttu smátt en hyggðu hátt,
heilsa kátt ef áttu bágt,
leik ei grátt við minni mátt,
mæltu fátt og hlæðu lágt.

Grýla kallar á börnin sín,
þegar hún fer að sjóða til jóla.
„Komið hingað öll til mín,
ykkur vil ég bjóða.
Kleppur, hann skal sjálfur sjóða,
sá þau verkin fullvel kann,
en hún Skjóða á að bjóða
öllum lýðum þjóða:
Nípa, Típa,
Næja, Tæja,
Nútur, Pútur,
Nafar, Tafar,
Láni, Gráni,
Leppur, Skreppur,
Loki, Poki,
Leppatuska, Langleggur
og Leiðindaskjóða,
Völustallur og Bóla.“

Stebbi stóð á ströndu
var að troða strý,
strý var ekki troðið,
nema Stebbi træði strý.
Eintreður Stebbi strý,
tvítreður Stebbi strý,
þrítreður Stebbi strý,
fjörtreður Stebbi strý o.s.frv.

Krumminn á skjánum,
kallar hann inn:
„Gef mér bita af borði þínu,
bóndi minn!“
Bóndi svarar býsna reiður:
„Burtu farðu, krummi leiður.
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu á tánum,
krumminn á skjánum.“

-
- Kanntu brauð að baka?
 - Já, það kann ég.
 - Svo úr því verði kaka?
 - Já, það kann ég.
 - Ertu nú alveg viss um?
 - Já, það er ég.
 - Eða ertu ef til vill að gabba mig?

- Kanntu að þrjóna úr garni?
- Já, það kann ég.
- Og vagga litlu barni?
- Já, það kann ég.
- Ertu nú alveg viss um?
- Já, það er ég.
- Eða ertu ef til vill að gabba mig?

- Kanntu að byggja bæinn? ...
- Og sækja fisk á sæinn? ...

- Kanntu að sjóða fiskinn? ...
- Og færa hann upp á diskinn? ...

- Kanntu ber að tína? ...
- Og stoppa í sokka mína? ...

- Sjáðu hér er hringur.
- Já, það sé ég.
- Ég set hann á þinn fingur.
- Já, það vil ég.

- Prestinn vil ég panta.
- Já, það vil ég.
- Því hann má ekki vanta.
- Nei, það skil ég.
- Ertu nú alveg viss um?
- Já, það er ég.
- Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Einn lítill, tveir litlir, þrír litlir fingur,
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur.
Tíu litlir fingur á höndum.
(Syngja má vísuna bæði
afturábak og áfram).

Klappa saman lófunum
reka féð úr mounum,
tölta á eftir tófunum
og tína egg úr spóunum.

– Ég sá sauð suður í mó,
sagði þumal fingur.
– Því tókstu hann ekki með þér?
sagði vísifingur.
– Betra er að stela,
sagði langatöng.
– Ég vil fara með þér.
sagði græðifingur.
– Ég vil sitja heima,
sagði litlifingur
vesalingur.

Táta, Táta,
teldu dætur þínar.
Fátt er að telja.
Ein er að tala,
tvær mat mala,
þrjár eru í búri borð að reisa,
fjórar í fjósi flór að moka,
fimm á fjalli
fífil að grafa,
sex á sandi,
sjö á landi,
átta í eyjum
eld að kynda,
níu í nesi
naut að geyma,
tíu á túni
töðu að hirða,
og tuttugu heima.
Fátt er nú talið
og telja máttu betur.

Heyrði ég í hamrinum
hátt var þar látið
og sárt var þar grátið.
Búkonan dillaði
börnunum öllum:
Ingunni, Kingunni,
Jórunni, Þórunni,
Ísunni, Dísunni,
Einkunni, Steinkunni,
Sölkunni, Völkunni,
Siggunni, Viggunni,
Aðalvarði, Ormagarði,
Eiríki og Sveini.
Muna muntu dverg undir steini ...

Kisa gluggann kom upp á,
konur báðar opna skjá.
Einhver vöndinn þreif upp þá,
þrisvar gerði í hana slá.
Henni illa hér við brá,
hvessti augun græn og blá,
fuglaveiða stirð við stjá,
stökk á burt og sagði mjá.

Hvað kanntu að vinna,
baggalútur minn?
Þráðarkorn að spinna
og elta lítið skinn,
kveikja ljós og sópa hús,
bera inn ask og fulla krús
og fara fram í eldhús.

Fögur er kvöldsólin, heið og hrein,
lata kisa liggur á stein.
„Ég drap eina mús,
lapti rjóma úr krús,
steiktri stirtlu og sporði
stal ég undir borði.
Ég er svo sæl og sveitt,
södd og löt og þreytt,“
segir kisa.

Græn eru lafin
og grasið sem grær.
Glóðin er rauð
og eldurinn skær.
Fífill og sóley
eru fagurgul að sjá.
Fjöllin og vötnin
og loftin eru blá.
Hvítur er svanur
sem syndir á tjörn.
Svartur er hann krummi
og öll hans börn.

Við skulum róa rambinn,
rétt út á kambinn,
sækja okkur fiskinn,
færa hann upp á diskinn.
Rafabelti og höfuðkinn,
þetta fær hann faðir minn
í hlut sinn.
Það gefur guð minn.

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
brátt skal högg á hendi detta.

Krummi gamli er svartur,
og krummi er fuglinn minn.
Krunkið eru söngvar hans
um sólina og himininn.

Svart og hvítt,
hvítt og svart.
Bjart og dimmt,
dimmt og bjart.
Hart og mjúkt,
mjúkt og hart.

Heitt og kalt,
kalt og heitt.
Breitt og mjótt,
mjótt og breitt.
Feitt og magurt,
magurt og feitt.

Hátt og lágt,
lágt og hátt.
Smátt og stórt,
stórt og smátt.
Fátt og margt,
margt og fátt.

Vott og þurrt,
þurrt og vott.
Gott og vont,
vont og gott.
Skott og stél,
stél og skott.

Silkið er mjúkt
silfrið er hart.
Blaðið er hvítt,
blekið er svart.
Á nóttunni er dimmt,
á daginn er bjart.

Einu sinni var karl og kerling í koti.
Þau áttu sér kálf. Þá er sagan hálf.
Hann hljóp út um víðan völl.
Þá er sagan öll.

Einu sinni var
kóngur og drottning í ríki sínu.
Þau áttu sér kálf. Þá er sagan hálf.
Þau áttu sér fagra höll.
Þá er sagan öll.

Krakkar út kátir hoppa
úr koti og höll,
léttfættu lömbin skoppa
um laut og völl.
Smalar í hlíðum húa
sitt hvella lag.
Kveður í lofti lóa
svo léttan brag.

Vetrarins fjötur fellur
þá fagnar geð.
Skólahurð aftur skellur
og skruddan með.
Sóleyjar vaxa í varpa
og vorsól skín.
Velkomin vertu, harpa,
með vorblóm þín.

Bráðum fæðast lítil lömb,
leika sér og hoppa.
Með lítinn munn og litla vömb
lambagras þau kroppa.
Við skulum koma og klappa þeim
kvöld og bjartar nætur,
reka þau að húsum heim,
hvít með gula fætur.

Lambið hún litla Móra,
lengi á hún að tóra,
þar til hún fæðir fjóra
fallega dilka stóra.

Sungu með mér svanur, örn,
smyrill, kría, haukur,
keldusvín og krummabörn,
kjói og hrossagaukur.

Kalt var mér á minni hendi
á mánudaginn,
mátti ég róa suður á land
á þriðjudaginn,
hafði með mér hettu grá
á miðvikudaginn,
hvergi fékk ég að sauma hana
á fimmtudaginn,
saltaði ég niður fiskinn
á föstudaginn,
rauðseyddi ég mjólkina
á laugardaginn,
sykur bar ég á sperðilinn
á sunnudaginn.

Hann Kalli átti káta mús,
þau leigðu saman lítið hús.
Hann hélt að músin væri veik
og gaf henni sultu og grísasteik.
En músin virtist meira veik,
hann gaf henni kryddaða kattasteik.
En verst ef músin væri dauð,
hann varð að reyna vínarbrauð.
En út hljóp músin mjög svo spræk
og hoppaði yfir lítinn læk.
Og ei var músin alveg mát,
hún geystist oní gamlan bát.
Hann Kalli krækti í aðra mús
og kallaði hana angurlús.
Og síðan ekki söguna meir,
hún sjálfsagt lifir þar til hún deyr.

Kindur jarma í kofunum.
(me, me, me)
Kýrnar gaula á básunum.
(bö, bö, bö)
Hestar hneggja í högunum.
Hundar gelta á bæjunum.
(voff, voff, voff)
(Dýrahljóðin eru notuð þegar vísan er
sungin)

Komdu kisa mín, kló er falleg þín
og grátt þitt gamla trýn.
Mikið malar þú, mér það líkar nú,
víst ert þú vænsta hjú.
Banar margri mús, mitt þú friðar hús.
Ekki er í þér lús, oft þú spilar brús.
Undrasniðug, létt og liðug leikur bæði
snör og fús.
Við skulum drekka dús.

Krumminn í hlíðinni
hann fór að slá,
þá kom lóa lipurtá
og fór að raka ljá.
Hann gaf henni hnappa þrjá
en bannaði henni að segja frá.
En hann spói spíssnefur
hann sagði frá,
prakkarinn sá.
Þó var ljáin ekki nema
hálf annað puntstrá.

Komdu litla lipurtá
langi þig að heyra.
Hvað mig dreymdi,
hvað ég sá
og kannski sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.
Ljáðu mér eyra.

Vimsi könguló
klifrar upp í þráðinn
niður fellur rigningin
og sópar Vimsa burt
upp kemur sólin
þurrkar upp allt regnið
.:Vimsi Vimsi könguló:.
Vimsi könguló klifrar aftur upp.
(Lag: Alúetta)

Tumi sat á tunnu og
talaði við hana Gunnu.
Þá kom þangað Sigga
og sagði „Hvar er Vigga?“
En Vigga var þar ekki
hún var að raka í flekki
heyið græna og góða
en Gunna fór að sjóða
miðdegismatinn,
við margt er hún natin.
Beta sat við sauma
og sæta vökudrauma,
hún vill hvað eitt laga
og hvers kyns forða бага.
Steini gekk að slætti
stundum anna gætti,
skyr fékk hann í skattinn
skalf og setti upp hattinn.
Beggi bar inn móinn
en báturinn var róinn
að sækja í soðið ýsu
en sjómenn kváðu vísu.
Léku sér lömbin ungu,
litlu fuglarnir sungu.
Kata strauk hana kisu
og kálfarnir drukku mysu.

Stígur hún við stokkinn,
stuttan á hún sokkinn,
ljósan ber hún lokkinn,
litli stelpuhnokkinn.

Stígur hann við stokkinn,
stuttan á hann sokkinn,
ljósan ber hann lokkinn,
litli strákahnokkinn.

Stígur hann Lalli
langt inni á palli.
Fjórar hefur hann fjalirnar
fótanna á milli.
Stígur hann með snilli.

Sá ég spóa suðu'r í flóa,
syngur lóa út í móa.
Bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið víst á ný.

Sunnudagur sagði:
Þorið þið að mæta mér?
Mánudagur flýtti sér.
Þriðjudagur þagði.
Miðvikudagur fór svo flatt,
að fimmtudagur um hann datt.
En föstudagur hljóp svo hratt
að hendur á hann lagði
laugardagur, byrstur mjög í bragði.
En þá var vikan liðin
og kyssti litlu börnin,
sem lásu og voru iðin,
Þetta er alveg satt.
Svo kemur næsta vika,
þá gengur það nú glatt.

Mús í holu hljóp
þá heyrðist mikið óp.
Köttur kom þar að
klóraði og bað:
„Músin litla mín
mig langar svo til þín.
Þú ert feit og flott
og færir vel í pott.
Ég marga munna á
mús þeir vilja fá.
Kisubörnin kát
kannski bresta í grát,
ef fína steik á fat
þau fá ekki í mat.
Komdu, músin kær,
komdu aðeins nær.
Ostinn sem ég á allan færðu þá“.

Hvar býr hún Nípa?
Fyrir ofan garð.
Hvað gerir hún þar?
Verpir eggjum.
Hve mörgum á dag?
Mæli fullan.
Hvað gefur hún gestum
sem að garði koma?
Skr og rjóma.
Hvað gefur hún mér?
Skarn og skófir
og allt það versta
sem til er í koppi
kerlingar að hurðarbaki.

Horfumst við í augu
sem grámyglur tvær.
Sá skal vera músin sem mælir,
kötturinn sem sig skælir,
fíflið, sem fyrr hlær,
folaldið sem fyrr lítur undan,
og skrímslið,
sem skína lætur í tennurnar.
(Tvö börn sitja hvort á móti öðru og
horfast í augu. Annað barnið fer með
þuluna).

Fiskurinn hefur fögur hljóð
finnst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum.

Séð hef ég köttinn syngja á bók,
selinn spinna hör á rokk
skötuna elta skinn í brók,
skúminn þrjóna smábandssokk.

Þegar klukkan slær fimm
viltu vekja mig þá,
sagði bóndinn við köttinn
og kötturinn sagði mjá-á.
Ég þarf að fara í bæinn
að kaupa mér grjón,
sem eiga að fara í súpu fyrir frúna.

Þegar klukkan skær fimm,
viltu vekja mig þá?
sagði kötturinn við svínið,
og svínið sagði: já.
Því ég ætla að vekja bóndann,
en bóndinn fer í bæinn að kaupa
sér grjón,
sem eiga að fara í súpu fyrir frúna.

Þegar klukkan slær fimm,
viltu vekja mig þá?
sagði svínið við kálfinn,
og kálfurinn sagði: já.
Því ég ætla að vekja köttinn,
en kötturinn vekur bóndann,
en bóndinn fer í bæinn að kaupa
sér grjón,
sem eiga að fara í súpu fyrir frúna.

Þegar klukkan sló fimm
gól haninn svo hátt
hann reigði sig og teygði
og reif sig upp á gátt.
Því hann var að vekja hundinn,
en hundurinn vakti hestinn,
en hesturinn vakti lambið,
en lambið vakti kálfinn,
en kálfurinn vakti svínið,
en svínið vakti köttinn,
en kötturinn vakti bóndann.
Og bóndinn fór í bæinn og keypti
sér grjón,
sem áttu að fara í súpu fyrir frúna.

Komdu, komdu, kiðlingur.
Komdu, mömmu grákálfur.
Komdu, kötturinn Branda.
Komdu að mjálma að vanda.
Andarungar, eltið mig.
Ekki er vert að fela sig.
Komið, grislingar gráir,
gangfærir vart, svo smáir,
og dúfurnar mínar
með fjaðrirnar fínar.
Glitrar döggi á meiði.
Glatt skín sól á heiði.
Og hásumar er nú og hvergi fremur.
En kallaðu á haustið – og það kemur.

Upp kryppa á Völu minni
opin ef þú lýgur
niður ef þú segir satt.
Þú skalt fara í hlandkolluna
ef þú lýgur,
en rjómatrogið fullt
ef þú segir satt.
Segðu mér það spákona
ég spyr þig að.

Pabbi minn er róinn
langt út á sjóinn,
sækja okkur fiskinn
sjóð'ann upp á diskinn.
Rafabelti og höfuðkinn,
þetta gefur Guð minn
pabba mínum í hlutinn sinn
og svo fæ ég sporðinn.

Kalli litli könguló
klifraði upp á topp.
Þá kom rigningin
og Kalli litli datt.
Upp kom sólin
og þerraði hans kropp
og Kalli litli könguló
klifraði upp á topp.

Stúlkurnar ganga
sunnan með sjá
með línsvuntur langar
og léreftin blá;
ólagið er á,
eina þeirra vil ég fá.
Það mun vera stúlkun mín,
sem á undan gengur.
Hún ber gullna festi,
spennir ofan á belti;
laufaprióna ber hún þrjá,
fögur er hún framan á
með gullspöng um enni
og það sómir henni
stúlkunni minni.
Bláklædd og grænklaedd
hleypur hún út um teigana,
allir vilja piltarnir eiga'hana.
Þeir skulu ekki fá'hana,
svo væn sem hún er ...

Sólin skín og skellihlær
við skulum syngja lag.
Því vetur kaldur var í gær
en vorið kom í dag.
Falle rí, falle ra ha ha ha,
falli rí, falle ra
en vorið kom í dag.

„Tunglið, tunglið taktu mig
og berðu mig upp til skýja“.
Hugurinn ber mig hálf leið
í heimana nýja.
Mun þar vera margt að sjá,
mörgu hefurðu sagt mér frá,
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn skjá.
Komdu, litla lipurtá!
Langi þig að heyra,
hvað mig dreymdi, hvað ég sá
og kannski sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.
Litla flónið, ljáðu mér snöggvast eyra.
Þar er siglt á silfurbát
með seglum þöndum,
rauðgull í rá og böndum.
Rennir hann beint að ströndum,
rennir hann beint að björtum
sólarströndum.
„Þar situr hún móðir mín“
í möttlinum græna.
Hún er að spinna hialín
í hempu fyrir börnin sín.
„Og seinna, þegar sólin skín“,
sendir hún þeim gullin fín,
mánasilfur og messuvín,
mörgu er úr að velja.
Hún á svo margt, sem enginn
kann að telja.
„Þar sitja systur“.
Sá sem verður fyrstur
að kyssa þeirra klæðafald,
og kveða um þeirra undraval,
honum gefa þær gullinn streng
á gígjuna sína.
„Ljúktu upp, Lína!“
Nú skal ég kveða ljúflingsljóð
um lokkana þína,
kveða og syngja ljóðin löng
um lokkana mjúku þína.
„Þar sitja bræður
og brugga vél“.
Gakktu ekki í skóginn, þegar skyggir.

Þar situr hún María mey,
man ég, hvað hún söng:
Ég er að vinna í vorið
vetrarkvöldin löng.
Ef að þornar ullin vel
og ekki gerir stórfelld él,
sendi ég þér um sumarmálin sóley
í varpa.
Fögur er hún Harpa.
Um messur færðu fleira,
fjólu og músareyra.
Hlíðunum gef ég grænan kjól,
svo göngum við upp á Tindastól,
þá næturvökul sumarsól
„sveigir fyrir norðurpól“,
en dvergar og tröll sér búa ból
í bergsins innstu leynum
og ljósálfar sér leika á hól
að lýsigulli og steinum.
Við skulum reyna að ræna frá
þeim einum.
Börnunum gef ég gnótt af
óskasteinum.
„Þá spretta laukar,
þá gala gaukar“.
Þá syngja svanir í tjörnum,
segðu það börnum,
segðu það góðum börnum.

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Nú blánar yfir berjamó
og börnin smá í mosató
og lautum leika sér.
Þau koma, koma kát og létt,
á kvikum fótum taka sprett
að tína, tína ber,
að tína, tína ber.

En heima situr amma ein,
að arni hvílir lúin bein
og leikur bros um brá
er koma þau með körfur inn
og kyssa ömmu á vangann sinn
og hlæja berjablá
og hlæja berjablá.